

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2024 – Fundargerð

Fundur haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, þann 4. apríl 2024 kl. 17:15 og í beinu streymi á heimasíðu sjóðsins.

Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og gerði tillögu um að Grétari Má Ólafssyni, lögmanni, yrði falið að stýra fundinum. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók því næst til starfa og gerði tillögu um að Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri hjá sjóðnum, yrði fundarritari. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykkt vera boðaður með minnst 14 daga fyrirvara. Upplýsti hann að fundurinn hefði verið formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 20. mars sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu og Viðskiptablaðinu þann 20. og 21. mars. sl.

Fundarstjóri upplýsti um dagskrá fundarins, sem er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar: Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs.
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um laun stjórnar.
9. Önnur mál.

Fundarstjóri lagði til að umræður og fyrirspurnir verði sameinaðar um dagskrárlið eitt til þrjú. Fundurinn gerði ekki athugasemd við tillöguna.

Fundarstjóri kynnti fyrsta dagskrárlið og bauð Sigríði Magnúsdóttur að taka við.

1. Skýrsla stjórnar

Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar tók til máls.

Sigríður byrjaði á að nefna ávöxtun síðasta árs en blandaðar ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í skuldabréfum og hlutabréfum skiluðu öll jákvæðri raunávöxtun eftir miklar sveiflur á verðbréfamörkuðum bæði innanlands og erlendis. Allar sjö ávöxtunarleiðir sjóðsins voru með jákvæða nafnávöxtun á bilinu 7,4% til 11,4%. Fimm ávöxtunarleiðir skiluðu jákvæðri raunávöxtun sem verður að teljast varnarsigur í hárri verðbólgu sem var 8% á árinu 2023.

Sigríður fjallaði um þær áskoranir sem felast í því að stýra lífeyrissjóði í mikilli verðbólgu. Skuldbindingar samtryggingarsjóðs eru að fullu verðtryggðar sem þýðir að áunnin réttindi og lífeyrisgreiðslur breytast í hverjum mánuði með vísitölu neysluverðs, til hækunar í verðbólgu. Áskorunin er þá að velja saman eignir sem halda í við verðbólgu að viðbætti núvirðingarkröfu sjóðsins með það að markmiði að það myndist ekki bil milli eigna og skuldbindinga.

Því næst vék Sigríður að upplýsingagjöf til sjóðfélaga en Almenni hefur frá upphafi lagt áherslu á að miðla til sjóðfélaga góðum upplýsingum þannig að þau geti tekið upplýstar ákvarðanir um lífeyrissparnað og eftirlaunagreiðslur. Á sjóðfélagavef eru alltaf nýjustu upplýsingar um réttindi í samtryggingarsjóði og inneign í séreignarsjóði. Sigríður vakti athygli á því að á liðnu ári var lögum breytt og lífeyrissjóðum er nú heimilt að birta yfirlit til sjóðfélaga á læstu vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist.

Sigríður vék að því að í lok nóvember 2023 féll dómur í héraði í máli sjóðfélaga gegn Lífeyrissjóði verslunarmanna, LV, þar sem aldursháð aðlögun réttinda var dæmd ólögleg. Með henni var fjárhæð mánaðarlegs lífeyris vegna áunninna réttinda aðlöguð að hækkun lífaldurs og lengri greiðslutíma lífeyris samkvæmt nýjum líftöflum sem voru innleiddar árið 2022. Stjórn LV hefur áfrýjað dómnum og hefur Hæstiréttur fallist á málskotsbeiðni sjóðsins. Vonast er til að málinu ljúki á árinu 2024. Almenni lífeyrissjóðurinn beitti sömu aðferð og Lífeyrissjóður verslunarmanna við aðlögun réttinda til að mæta hækkandi lífaldri sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða Almenna lífeyrissjóðsins mun versna ef Hæstiréttur dæmir aldursháðu aðlögunina ólöglega.

Sigríður fór yfir stöðu ÍL-sjóðs en í október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu sjóðsins og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF skuldabréfa um uppgjör sem miðast við höfuðstól og áfallna vexti og verðbætur. Almenni lífeyrissjóðurinn og aðrir lífeyrissjóðir hafa lagt áherslu á að uppgjör miðist við fullt uppgjör samkvæmt skilmálum skuldabréfanna og taki þá tillit til vaxtagreiðslna í framtíðinni. Í febrúar sl. tilkynntu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ÍL-sjóðs og íslenska ríkisins, og fulltrúar 18 lífeyrissjóða (þ.a.m. Almenna) um að ákveðið hafi verið að hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins

Sigríður gerði grein fyrir því að talsverð þróun hefur verið á sviði sjálfbærnilöggjafar í nærumhverfi Íslands á undanförnum árum, sem hefur kallað á aðlögun á fjárfestingarferli og upplýsingagjöf lífeyrissjóða og annarra fjárfesta. Í fyrra tóku tvær evrópskar reglugerðir gildi hér á landi, annars vegar reglugerð um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og hins vegar flokkunarreglugerð með samræmdum skilgreiningum á hvað telst umhverfislega sjálfbær starfsemi fyrirtækja

Sigríður vék því næst að stjórnarstörfunum en stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum ef tilefni er til. Á tímabilinu frá apríl 2023 til mars 2024 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál og undirbúa fundi.

Að lokum þakkaði Sigríður meðstjórnendum fyrir gott samstarf á liðnu ári og þá sérstaklega þeim stjórnarmönnum sem láta af störfum á þessum ársfundi, þeim Huldu Rós, Örnú og Kristjáni. Arna og Kristján gefa áfram kost á sér til stjórnarsetu. Að lokum þakkaði Sigríður sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári og starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Sigríði fyrir yfirferðina og kynnti næsta dagskrárlið.

2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins tók til máls.

Gunnar upplýsti að ársreikningur hafi verið birtur á heimasíðu sjóðsins.

Gunnar gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs. Vísaði hann til þess að ársskýrsluna og kynningu væri að finna á heimasíðu sjóðsins og fór yfir helstu upplýsingar sem þar væri að finna. Vísaði hann sérstaklega til áritunar endurskoðanda á ársreikningi en hún er án fyrirvara.

Gunnar fór yfir helstu tölur úr ársreikningi og fór sérstaklega yfir breytingu á eign sjóðsins á árinu, framlag iðgjalda, lífeyris og fjárfestingatekna í eignabreytingu á árinu 2023.

Helstu tölur úr ársreikningi voru kynntar en þær eru eftirfarandi

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 49,6 ma. kr. á árinu eða um 13% úr 365,5 ma. kr. í 415,1 ma. kr. í lok árs 2023.

- Heildariðgjöld námu 23,1 ma. kr. sem skiptust þannig að iðgjöld í séreignarsjóð námu 13,1 ma.kr. og iðgjöld í samtryggingarsjóð námu 10 ma.kr
- Heildariðgjöld hækkuðu um 15% á árinu.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 7,0 ma. kr.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu um 4,6 ma. kr.

Gunnar fór yfir samanburð á ávöxtun ÆI og ÆII á síðasta ári við helstu samkeppnisaðila sjóðsins en Almenni kemur mjög vel út úr þeim samanburði.

Þá gerði Gunnar grein fyrir helstu niðurstöður tryggingarfræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. Ásamt því að farið var yfir helstu forsendur tryggingarfræðilegrar úttektar. Í árslok 2023 var áfallin staða neikvæð um 7,7%, framtíðarstaða jákvæð um 0,2% og heildarstaða neikvæð um 4,5%. Tryggingafræðileg staða breyttist lítið á árinu 2023. Farið var yfir þróun áfallinnar skuldbindingar á árinu en aukningin var 14,4% og að mestu tilkomin vegna 8% verðbólgu.

Gunnar gerði grein fyrir óvissu sem ríkir um aldursháða aðlögun sem gerð var á árinu 2022 en sambærileg aðgerð var framkvæmd hjá Lífeyrissjóði Verslunarmanna og var hún dæmd ólögleg í Héraðsdómi en dóminum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Verði aðlögun dæmd ólögleg mun Almenni aðlaga mótvægisáðgerðir að niðurstöðum dómstóla. Tryggingafræðileg staða sjóðsins án aldursháðrar aðlögunar er mun verri en í dag.

Að lokum þakkaði hann stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu og minntist sérstaklega á þá sem væru að hætta í stjórn og þakkaði þeim gott samstarf. Gunnar þakkaði frambjóðendum fyrir þátttöku í stjórnarkjörinu. Gunnar þakkaði þá starfsfólki sjóðsins og lauk á því að þakka sjóðfélögum fyrir góð samskipti á árinu.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir yfirferðina og kynnti næsta dagskrárlið.

3. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, tók til máls og fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2024, sem var samþykkt undir lok árs 2023. Lýsti hún stuttlega uppsetningu stefnunnar og fór yfir þær breytingar sem hafa orðið á fjárfestingarstefnunni sem eru óverulegar milli ára.

Kristjana fór yfir þær ávöxtunarleiðir sem í boði eru hjá sjóðnum og lýsti stuttlega mismunandi fjárfestingum hverrar leiðar og hvernig eignasamsetning væri í hlutfalli við fjárfestingarstefnu.

Vék hún því næst að ávöxtun ársins en jákvæð raunávöxtun var á flestum söfnum sjóðsins og er langtímaávöxtun blandaðra safna góð. Farið var yfir þróun á mörkuðum síðastliðin 5 ár en innlend hlutabréf hafa hækkað um 14,8% og heimsvísitala MSCI um 16,4%

Kristjana gerði grein fyrir því að innlend skuldabréf væru góður kjarni í eignasöfnum sjóðsins og sýndi það með myndrænum hætti. Þá fór hún yfir innlend hlutabréf og sýndi dreifingu hlutabréfanna eftir atvinnugreinum. Auk þess greindi hún frá erlendum eignum sjóðsins og útskýrði áhættudreifingu erlendu eignanna eftir löndum og atvinnugreinum en erlenda hlutabréfasafnið samanstendur af um 5.000 fyrirtækjum í um 50 löndum.

Þá fór hún yfir áherslur sjóðsins í fjárfestingum er varða samfélagslega ábyrgð en sjóðurinn hefur verið að leggja meiri áherslur á slíkar fjárfestingar. Farið var yfir breytingar í fjárfestingarumhverfinu og auknum kröfum sem settar væru um samræmda upplýsingagjöf og nefndi m.a. flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy) og reglugerð um upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni (SFDR).

Þá fór hún yfir fjárfestingarumhverfið og ávöxtun mismunandi eignaflokka á síðasta ári, bæði erlendra og innlendra. Kristjana fór jafnframt yfir þróun á ávöxtun helstu markaða frá áramótum og upplýsingar um

gengi ávöxtunaleiða sjóðsins frá sama tíma en á heimasíðu sjóðsins er að finna upplýsingar um gengisþróun á ávöxtunarleiðum sjóðsins.

Kristjana þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir um dagskrárliði eitt til þrjú.

Gunnlaugur Helgason beindi spurningu til Kristjönu sem snéri að þýðingu orðsins grænpvottar. Kristjana kom í pontu og útskýrði. Þegar talað er um grænpvott þá er átt við fjárfestingar sem eiga að vera umhverfisvænar en eru það ekki í raun. Gunnlaugur spurði Kristjönu hvaða fyrirtæki, sjö fyrirtæki, það væru sem hún nefndi sem þessi frábæru sjö fyrirtæki, í erindi sínu. Kristjana svaraði eftirfarandi, Apple, Microsoft, Amazon, Meta (Facebook), Alphabet (Google), Tesla og Nvidia.

Fleiri fyrirspurnir komu ekki fram.

Fundarstjóri lagði því til að ársreikningur sjóðsins yrði tekinn til afgreiðslu og að það yrði gert með handauppréttingu, var það gert og var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóri kvað úr um að ársreikningur hefði verið samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga um breytingar á samþykktum

Fyrir fundinum lágu tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins. Annars vegar frá stjórn og hins vegar frá Kristófer Má Maronssyni, sjóðfélaga. Fundarstjóri lagði til að tillögur stjórnar yrðu afgreiddar fyrst og í framhaldinu tillögur sjóðfélaga.

Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins, tók til máls.

Helgi gerði grein fyrir tillögum frá stjórn að breytingum á samþykktum. Um er að ræða tillögur að breytingum á eftirfarandi ákvæðum:

11. grein (11.1, 11.2, 11.3)

Orðalagsbreyting. Verðbréfasöfn breytt í ávöxtunarleiðir.

24. grein (24.1)

Orðalagsbreyting. Stjórn sjóðsins í staðinn fyrir stjórn samtryggingarsjóðs.

26. grein (26.1, 26.3, 26.4)

Upplýsingar til lífeyrisþega og nýrra sjóðfélaga.

Rafræn yfirlit í staðinn fyrir prentuð yfirlit.

Heimild til að senda mikilvægar upplýsingar með rafrænum hætti.

6. grein (6.5)

Breyting sem leiðir af lögum.

Tveir óháðir nefndarmenn skulu kosnir af ársfundi.

Breyting á texta um hlutverk nefndarinnar.

7. grein (7.3)

Breyting sem leiðir af lögum.

Nýr dagskrárliður á ársfundi til að kjósa í endurskoðunarnefnd.

Helgi gerði grein fyrir breytingartillögunum og benti á að þetta væru einfaldar orðalagsbreytingar annars vegar og hins vegar breytingar sem eru tilkomnar vegna lagabreytinga. Helgi benti á að tillögurnar væru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Helgi lauk máli sínu og þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Helga fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður um samþykktarbreytingarnar. Engar spurningar voru bornar upp.

Fundarstjóri bar því næst breytingartillögurnar upp til samþykktar fyrir fundinn. Óskaði hann eftir því að fundurinn greiddi atkvæði um tillögurnar með handauppréttingu, var það gert og voru tillögurnar samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri fór yfir neðangreindar tillögur frá Kristófer Má Maronssyni, sjóðfélaga, en Kristófer var ekki mættur til fundarins.

5. grein (5.1)

Breytingatillaga um fyrirkomulag á kosningu stjórnar.

5. grein (5.1)

Breytingatillaga um vægi atkvæða í stjórnarkjöri.

Fundarstjóri bauð upp á umræður um breytingartillögurnar.

Sigríður Magnúsdóttir, formaður, steig í pontu og fjallaði um framlagðar breytingartillögur Kristófers.

Breytingartillögurnar bárust sjóðnum þann 29. febrúar sl. Flestar breytingartillögur sem stjórn leggur fram eru vegna lagabreytinga og orðalagsbreytingar til frekari skýringa. Efnislegar breytingar sem gerðar eru á samþykktum sjóðsins eiga sér yfirleitt langan aðdraganda og er þá búið að gera ítarlegar greiningar og teikna upp mismunandi sviðsmyndir af þeim.

Framlögð tillaga telst vera efnisleg og er um verulega breytingu á samþykktum sjóðsins að ræða. Sigríður telur að fara þurfi í frekari greiningarvinnu á henni áður en hægt sé að mæla með henni enda beri að fara varlega í efnislegar breytingar á samþykktum. Að svö stöddu sé ekki hægt að mæla með framlögðum breytingartillögum.

Ekki voru frekari umræður eða spurningar um framlagðar samþykktarbreytingar. Fundarstjóri bar því næst breytingartillögurnar upp fyrir fundinn til samþykktar, hvora tillögu fyrir sig. Óskaði hann eftir því að fundurinn greiddi atkvæði um tillögurnar með handauppréttingu.

Fyrri tillaga um fyrirkomulag á kosningu í stjórn var felld með öllum greiddum atkvæðum.

Seinni tillaga um vægi atkvæði í stjórnarkjöri var felld með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið.

5. Kosning stjórnar

Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar Almenna tók til máls.

Hann fór stuttlega yfir framkvæmd rafrænna kosninga, skipan kjörnefndar og störf hennar. Hámark atkvæðavægis í kosningunum í ár var 126.736.381 kr.

Ólafur lýsti því að tvö sæti aðalmanna, sem skulu skipuð konum, hefðu verið laus og eitt sæti varamanns, sem er skipað karli, en þar gátu bæði kona og karl verið í framboði. Þrjú framboð bárust í sæti aðalmanns í stjórn og sex framboð í sæti varamanns. Kosning hófst á hádegis þann 22. mars sl. og henni lauk kl. 16:00 þann 3. apríl sl. Fram kom að 1.049 sjóðfélagar höfðu greitt atkvæði og voru samtals greidd 47.485.266.257 atkvæði af 401.278.416.600 atkvæðum á kjörskrá eða 15,64%.

Ólafur las þá niðurstöðu í kosningu tveggja aðalmanna í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins sem er eftirfarandi:

Frambjóðandi	Hlutfall
Arna Guðmundsdóttir	68,74%
Elva Ósk Wíium	17,59%
Heiða Óskarsdóttir	11,42%
Tóku ekki afstöðu	2,25%

Því næst las Ólafur upp úrslit í kosningu eins varamanns í stjórn sem er eftirfarandi:

Frambjóðandi	Hlutfall
Kristján Þórarinn Davíðsson	22,24%
Elva Ósk Wíium	11,28%
Gunnar Hörður Sæmundsson	10,34%
Heiða Óskarsdóttir	9,18%
Kristófer Már Maronsson	8,09%
Hans Grétar Kristjánsson	3,33%
Tóku ekki afstöðu	35,55%

Ólafur lýsti því Örne Guðmundsdóttur og Elvu Ósk Wíium réttkjörna aðalmenn til stjórnar til þriggja ára og Kristján Þórarinn Davíðsson sem réttkjörinn varamann til stjórnar sama tímabil. Kjörtímabili þeirra lýkur árið 2027.

Ólafur óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og þakkaði frambjóðendum fyrir þátttöku.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir yfirferðina og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Fundarstjóri bauð nýkjörnum stjórnarmönnum að kynna sig.

Arna Guðmundsdóttir, Elva Ósk Wíium og Kristján Þórarinn Davíðsson komu í pontu og þökkðu fyrir stuðninginn og kosningu.

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið.

6. Kosning í endurskoðunarnefnd

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir lægi tillaga um tvo óháða aðila til setu í endurskoðunarnefnd tímabilið 2024-2025.

Helga Harðardóttur, löggiltur endurskoðandi og Eiríkur Þorbjörnsson, deildarstjóri hjá Verkís.

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar hefði stjórn sjóðsins lagt til að Deloitte ehf. yrðu endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Þar sem engin önnur tillaga var borin upp var Deloitte ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2024.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Fundarstjóri kynnti tillögu starfskjaranefndar eins og hún liggur fyrir um stjórnarlaun fyrir árið 2024-2025.

- Mánaðarlaun stjórnarmanns verði 235 þúsund krónur á mánuði vegna komandi starfsárs
- Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun

- Stjórnarmenn fá auk þess greitt sérstaklega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern fund utan reglubundna fundi samkvæmt starfsætlun stjórnar en þó að hámarki þrjá fundi á ári. Með aukafundum er átt við sérstaka vinnufundi stjórnar og fundi stjórnar án starfsmanna.
- Stjórnarmaður sem stenst hæfismat hjá Fjármálaeftirliti fær greidd 2 mánaðarlaun stjórnarmanns
- Laun varamanns fyrir setinn fund sem aðalmaður nema einum mánaðarlaunum stjórnarmanns eða 235 þúsund og 188 þúsund krónur fyrir setinn fund sem varamaður (80% af launum aðalmanns)
- Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmanna
- Laun til undirnefnda stjórnar (endurskoðunarnefnd, kjörnefnd) taki mið af launum stjórnar og nemi hálfum stjórnarlaunum eða 117.500 krónur á mánuði til almennra nefndarmanna og 235 þúsund krónur á mánuði fyrir formenn.

Fundarstjóri fór yfir að í tillögunni kæmi fram að laun stjórnarmanna hækkuðu um 9,8% sem væri samsvarandi við hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands.

Fundarstjóri bauð upp á umræður um þessa tillögu. Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

8. Önnur mál

Fundarstjóri kannaði hvort einhver óskaði eftir því að fá að kveða sér orðs, svo var ekki.

Fleira var ekki gert og óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð eftir fundinn í samráði við fundarstjóra. Enginn hreyfði við mótmælum og er það því samþykkt.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið kl. 18:45.

Samkvæmt yfirliti um lista yfir kjósendur sem mættu til fundarins, mættu sjóðfélagar sem fara með 1.940.827.661 atkvæði til fundarins eða 0,048% sjóðfélaga.

Undir fundargerð rita:

Grétar Már Ólafsson, fundarstjóri

Sigríður Ómarsdóttir, fundarritari

Undirritunarsíða

Grétar Már Ólafsson

Sigríður Ómarsdóttir